

# GJALDSKRÁ

## Fyrir hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ.

### 1.gr

Af hundum og köttum í Vestmannaeyjabæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við famkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ nr.776/2014

### 2.gr

Við umsókn um skráningu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir:

- |                                   |             |
|-----------------------------------|-------------|
| a) Skráningargjald                | kr. 7.000,- |
| b) Skráning eftir útrunninn frest | kr. 9.100,- |
| c) Bráðabirgðaskráning            | kr. 2.100,- |

### 3.gr

Af skráðum hundum og köttum skal innheimta árlegt gjald sem hér segir.

Fyrir hvert dýr. kr. 5.000,-

Ekki skal innheimta árgjald sama ár og dýr er skráð.

### 4.gr

Við afhendingu handsamaðs dýrs skal innheimta handsömunargjald sem hér segir.

Fyrsta afhending. kr. 7.500,-

Önnur afhending(innan tveggja mánaða) kr. 11.250,-

Þriðja afhending(innan tveggja mánaða) kr. 22.500,-

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

### 5.gr

Gjalddagi skv. 10.gr.samþykktar um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ er 1.febrúar og eindagi 28. febrúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Hafi leyfi ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu dýrs ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

### 6.gr

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu leyfisgjalds enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi. Þeir eru hins vegar skráningarskyldir og þarf að greiða af þeim skráningargjald.

### 7.gr

Ofangreind gjaldskrá Vestmannaeyjabæjar staðfestist hér með samkvæmt 25.gr laga nr.7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjum nr.776/2014 til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Vestmannaeyjum 15.10.2014

*Olufur P. Snorrason*

